

Reykjavík 27. nóvember 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi frumvarp til laga um fullnustu refsinga. (Þingskjal 399 – 332. mál)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi til nýrra laga um fullnustu refsinga.

Í því er nú gert ráð fyrir að börn vistist ekki í fangelsum heldur á vegum barnaverndaryfirvalda á þar til ætluðum heimilum. Hefur með þessu þessu úrræði verið komið til móts við c-tölulið, 37. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lengi var ekki uppfyllt sökum þess að börn sem dæmd voru til refsingar voru þá vistuð í fangelsum með fullorðnum föngum. Þó er kveðið á um undanþágu frá þeirri meginreglu í 44. gr. frumvarpsins þar sem segir að barn megi vista í fangelsi, eftir mat sérfræðinga um að það sé fanganum fyrir bestu, með vísan til sérstakra ástæðna er lúti að honum í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Að mati Barnaheilla er þessi undanþáguheimild afar óskýr og þyrfti með einhverjum hætti að takmarka það með hvaða hætti mat kunni að leiða til þeirrar niðurstöðu að barn skuli vista í fangelsi. Mæla Barnaheill með því að nánari reglur verði settar um, hvaða þættir skuli liggja til grundvallar mati um slíka ákvörðun.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að öll áhersla verði á betrun barnungra fanga, þ.e. að þeim verði hjálpað að bæta líf sitt, með menntun, sérfræðiviðtölum, áfengis- og vímuefnamedferðum, tækifærum til heilbrigðrar samveru við jafningja sína og sjálfstyrkingu.

Að öðru leyti taka Barnaheill heilshugar undir umsagnir Barnaverndarstofu og Umboðsmanns barna um frumvarp það sem hér um ræðir. Sérstaklega taka Barnaheill undir orð umboðsmanns um að mikilvægt er að búa börnum fanga barnvænt umhverfi og aðstæður er þau heimsækja foreldri sín á dvalarstað þeirra.

Barnaheill minna á að einstaklingar upp að 18 ára aldri eru börn og þau skulu njóta allra þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn kveður á um. Börn í viðkvæmum aðstæðum, svo sem börn sem dæmd hafa verið til afplánunar refsingar, skulu njóta aukinnar verndar og aðstoðar til þess að þeim verði gert kleift að lifa og þroskast á besta mögulega hátt.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri